



Við erum SMT skóli

Svona vinnum við:



Við gefum skýr fyrirmæli: Erum vingjarnleg, nákvæm og notum fá orð.

Við kennum reglur með virkum hætti: Sýnum og æfum reglurnar með börnunum.

Við höfum reglurnar sýnilegar: Það auðveldar öllum að muna.

Við minnum á reglurnar: „, Hvernig er reglan, sýndu mér”.

Við gefum jákvætt val: „,Hvort vilt þú sitja hjá mér eða á þínu svæði”?

Við notum félagslega hvatningu: Bros, pumal, fimmu, knús ofl.

Við hrósum og setjum orð á hrósið: „,Flott hvað þú varst dugleg/ur að ganga frá”.

Við notum jákvæða styrkingu: Gefum Brosbörn eða önnur tákni til að auka tíðni jákvæðrar hegðunar (setjum orð á hegðunina).

Við notum lausnaleit: Hvað er hægt að gera?
Hver er kosturinn við leiðina sem við veljum?
Hver er gallinn við þá leið?

Við höfum eftirlit: Fylgjumst með börnunum til að tryggja öryggi þeirra.

Við setjum mörk með mildum og sanngjörnum leiðum. Tökum börnin úr aðstæðum, þau róa sig í einveru.

Við sýnum tilfinningastjórn: Við erum fyrirmyndir barnanna í öllu sem við segjum en aðallega í því sem við gerum!

